

AFRIT

Truenorth Ísland ehf
Haraldur Bjarnason
Seljavegi 2, 2.h.
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
22. júlí 2014	
9.5.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. júlí 2014
Tilvísun: UST20140700157/rb

Kvikmyndataka á Reykjanesi, í Leiðarenda og Stóra Hamradal við Vígdísarvallasvæðið

Umhverfisstofnun hefur móttakið erindi True North, dags. 21. júlí 2014, vegna leyfis til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs dagana 24. júlí og 25. júlí 2014 vegna tónlistarsmyndbands.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing á framkvæmd: Tökur fara fram í Leiðarenda og við Djúpavatnsleið. Gert er ráð fyrir 30-40 starfsmönnum í hverri senu. Ekki er gert ráð fyrir raski. Í Stóra Hamradal á Vígdísarvallasvæðinu, en þar er bæði gjá og mosabreiða, er gert ráð fyrir lágmarksfjölda manns í vinnu, bara listamaðurinn að labba í gjánni og eftir rollustígum í mosanum, svo átroðningur væri mög lítill. Gjáin og aðkoman að henni er allt svartur sandur sem auðvelt er að sópa og gera eins og enginn hafi komið þar. Nýttir verða 1 stór trukkur og 1-2 rútur undir búnað undir tækjabúnað og aðstöðu fyrir starfsfólk. Til viðbótar verða 5-10 bílar af ýmsum stærðum nýttir til fólksflutning.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum og framkvæmdum sem eru í beinum tengslum við þær innan Reykjanesfólkvangs sem lýst hefur verið af hálfu umsækjanda, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær tökur hefjast og þeim líkur. Senda skal dagskipun vegna takanna til Umhverfisstofnunar með dags fyrirvara svo hægt sé að meta hvort nauðsynlegt sé að eftirlitsaðili á vegum stofnunarinnar sé viðstaddur.
2. Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
3. Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
4. Að skilið verði við svæðið eins og komið var að því.


5. Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
6. Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
7. Óheimilt er að trufla dýralíf.
8. True North skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
9. Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
10. Óheimilt er að staðsetja og/eða geyma tækjabúnað utan afmarkaðra gönguleiða.
11. Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með kvikmyndatökunum. Umsækjandi greiðir allan útlagðan kostnað vegna eftirlitsins ásamt eftirlitsgjaldi sem er kr. 11.200 fyrir hverja klukkustund, sbr. gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt viðmiðum sem hún hefur sett sér um málshraða þá er gert ráð fyrir að afgreiðsla erinda vegna leyfisveitinga á friðlýstum svæðum geti tekið allt að 15 virka daga. Mælt er til þess að umsóknaraðilar sendi inn erindi sín tímanlega til að nægur tími gefist til að taka erindið fyrir hjá stofnuninni.

Virðingarfyllt



René Biasone
Teymisstjóri



Kristín L. Árnadóttir
Forstjóri

